



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Flokkun sorps í Sveitarfélaginu Árborg

Í Árborg er þriggjatunnakerfi sem
samanstendur af grátunnu, blátunnu og brúntunnu.

Í **bláu tunnuna** má setja allan
pappír, pappu og plastumbúðir:

- ✓ Plastumbúðir
- ✓ Auglýsingapóst
- ✓ Bylgjupappír og pizzakassa
- ✓ Dagblöð og tímarit
- ✓ Eggjabakka
- ✓ Fernur og plastmál
- ✓ Umbúðir úr sléttum pappu
- ✓ Morgunkornspakka
- ✓ Pappapakningar af
matvælum, s.s. kexi og pasta
- ✓ Prentpappír og umslög
- ✓ Málma í lausu

Í **gráu tunnuna** má setja:

- ✓ Allt almennt
heimilissorp í poka



**Rafhlöður, spilliefni
og raftæki má hvorki
setja í blátunnuna né
grátunnuna. Þeim skal
skilað á gámasvæði
sveitarfélagsins að
Víkurheiði 4 á Selfossi.**

Í **brúnu tunnuna** má setja:

- ✓ Lífrænan eldhúsúrgang.



Dæmi: Ávextir, eldaða
kjöt- og fiskafanga,
brauðmeti, kaffikorg,
tannstöngla, tepoka o.fl.

**Stór bein eiga ekki að fara
í brúnu tunnuna þar sem
niðurbrot þeirra er afar hægt.**



Íbúar eru hvattir til að pressa umbúðir vel saman þannig að
minna fari fyrir þeim í tunnuni og í flutningi. Aðskotahlutir
rýra endurvinnslugildi og valda auknum kostnaði svo passa
þarf vel að ekkert aukarúsl berist í blátunnuna. Fjarlægja þarf
allar matar- og efnaleifar af umbúðum sem fara í blátunnuna.

Gámasvæði

Gámasvæði sveitarfélagsins að Víkurheiði 4 á Selfossi er móttöku-
stöð fyrir fleiri flokka en flokkast með þriggjatunnakerfi. Íbúar eru
hvattir til að nýta sér þá þjónustu. Á gámasvæðinu er m.a. tekið á
móti spilliefnum, flokkuðu plasti, raftækjum og garðaúrgangi svo
eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar um flokkunarmöguleika má
finna á www.arborg.is.

Á gámasvæðinu geta íbúar jafnframt nálgast mold, sand, drenmöl
og hrossaskít. Íbúar moka sjálfir á kerrur sínar og greiða fyrir hverja
kerrufyllingu. Molta er einnig aðgengileg íbúum á gámasvæðinu og
er hún endurgjaldslaus.

Opnunartími gámasvæðis 2020

Mánudaga	kl. 10:00-17:00
Þriðjudaga	kl. 10:00-17:00
Miðvikudaga	kl. 10:00-18:30
Fimmtudaga	kl. 10:00-17:00
Föstudaga	kl. 10:00-17:00
Laugardaga	kl. 10:00-17:00
Sunnudaga	Lokað

Opnunartími gildir til 31. ágúst.